

MINNISBLAÐ


Viðtakandi: **Velferðarráðuneytið**
Sendandi: **Vinnumálastofnun**
Dags.: **1. september 2016**
Efni: **Staða og horfur á vinnumarkaði**



Eftirspurn á vinnumarkaði

Mikil uppsveifla hefur verið í íslensku efnahagslífi undanfarin ár, viðvarandi hagvöxtur, fjölgun starfa umfram náttúrulega fjölgun á vinnumarkaði og hratt minnkandi atvinnuleysi. Að stórum hluta til er þetta til komið vegna hraðrar fjölgunar erlendra ferðamanna með tilheyrandi uppsveiflu í ferðaþjónustu. Þannig fjölgaði gistináttum erlendra ferðamanna um nálægt 30% milli árana 2014 og 2015 og virðist stefna í svipaða aukningu í ár.

Hagstofan birtir mánaðarlegar tölur um fjölda starfandi í ferðaþjónustutengdum greinum og má sjá að um tvöföldun hefur orðið á fjölda starfandi í þessum geira frá árinu 2009; þar af meira en þreföldun í ýmskonar ferðatengdri þjónustu (ferðaskipuleggjendur, ferðaskrifstofur, bílaleigur ofl) og hátt í þreföldun á hótelum og annarri gistiþjónustu, en nokkru minni aukning í farþegaflutningum og veitingasölu, sjá mynd 1.



Mynd 1. Fjöldi starfandi við ferðaþjónustugreinar 2008-2016


Fjöldi starfa í ferðaþjónustu stefnir í að fara úr um 19.400 störfum árið 2015 í um 22.900 árið 2016, sem er fjölgun um nálægt 3.500 störf milli ára. Það hefur komið fram í spám undanfarin misseri að störfum mundi fjölga mikið í ferðaþjónustu. Fjölgunin virðist þó vera meiri en spár hafa gert ráð fyrir og störf í ferðaþjónustu stefna í að verða um 2/3 hlutar allra nýrra starfa á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2016. Í nýlegri könnun meðal 400 stærstu fyrirtækja á Íslandi má sjá að eftirspurn eftir starfsfólki heldur áfram að verða einna mest í ferðaþjónustu og skortur á starfsfólki er þar mikill. Það er vissulega jákvætt að fá svo mikinn vöxt í íslenskt hagkerfi í gegnum ferðaþjónustuna. Það er visst

áhyggjuefni að ekki skuli hafa verið meiri vöxtur í öðrum greinum. Þó svo að innan ferðapjónustunnar séu fjölbreytt störf sem krefjast eða henta vel fólki með framhalds- og háskólamenntun er stór hluti starfa í greininni fyrir ófaglærða og er hlutfall slíkra starfa hærra innan veitinga- og gistiþjónustu en í flestum öðrum atvinnugreinum.

Vöxturinn í efnahagslífinu virðist þó vera að ná til fleiri greina og þannig sýnir áðurnefnd könnun meðal 400 stærstu fyrirtækjanna að eftirspurn eftir vinnuafla fer vaxandi í flestum atvinnugreinum og skortur á hæfu starfsfólki fer vaxandi í fleiri greinum en ferðapjónustu og byggingariðnaði. Þá binda menn vonir við að umhverfi nýsköpunar og tækniþróunar taki við sér eftir því sem höft verða afnumin í meira mæli og þannig verði í auknum mæli til störf fyrir háskólamenntaða.

Hagvöxtur hefur verið um 2,9% að jafnaði síðustu 4 árin en sveiflast nokkuð milli ára. Sambandið milli hagvaxtar og fjölgunar starfa er sterkt og þannig hefur störfum fjölgað um nálægt 0,8% fyrir hvert prósent hagvaxtar síðustu ár. Starfandi körlum hefur þó fjölgað hlutfallslega meira en starfandi konum og atvinnuleysi karla því lækkað hraðar en atvinnuleysi meðal kvenna.

Tölur úr vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar fyrstu 7 mánaða ársins benda til að yfir 5.000 störf muni bætast við á íslenskum vinnumarkaði á árinu. Munurinn á fjölgun starfa karla og kvenna virðist fara vaxandi og stefnir í að um 3.300 karlar (störf fyrir karla) muni bætast við á vinnumarkað á árinu 2016 en um 1.800 konur (störf fyrir konur). Spámódel um þróun á vinnumarkaði næstu 2 árin, sem byggir í grunninn á hagvaxtarspám, bendir til að heldur hægi á fjölgun starfa fram til 2018, en að störfum fyrir karla muni áfram fjölga hraðar en störfum fyrir konur, sjá mynd 2.



Mynd 2. Fjöldun starfa meðal karla og kvenna síðustu ár og horfur í ár og næstu 2 ár


Uppgangur í byggingariðnaði er megin skýringin á aukinni eftirspurn eftir vinnuframlagi karla og hraðari fjölgun starfa fyrir karla en konur á þessu ári og á næstu misserum.

Þessi fjöldun starfa er nokkuð umfram náttúrulega fjölgun fólks á vinnualdri. Það hefur haft í för með sér bæði aukna atvinnuþátttöku (t.d. með aukinni atvinnuþátttöku skólafólks) en einnig fækkun atvinnulausra sem og auknum innflutningi á fólki erlendis frá. Víkjum nánar að búferlaflutningum.

Búferlaflutningar

Mikil þensla á vinnumarkaði hefur í för með sér að fólk flyst í auknum mæli til landsins til starfa, einkum í ferðaþjónustu og byggingariðnaði, en einnig í ýmis konar þjónustustörf s.s. ræstingar, ósérhæfð störf og umönnunarstörf á sjúkrahúsum og dvalarheimilum, í fiskvinnslu og víðar.


Svipuð þróun var mjög áberandi á árunum 2005-2008 þegar þúsundir erlendra ríkisborgara fluttust til landsins ár hvert. Í kjölfarið var svo brottflutningur erlendra ríkisborgara talsverður enda kreppti snögg að í íslensku efnahagslífi haustið 2008. Tölur um búferlaflutninga fyrri helming þessa árs benda til að yfir 8.000 erlendir ríkisborgara muni flytja til landsins á árinu 2016 og eru þá ótaldir allmargir erlendir starfsmenn sem koma hingað til starfa um skemmri tíma, s.s. útsendir starfsmenn (posted workers). Fjöldi erlendra ríkisborgara sem flyst á brott ár hvert hefur verið nokkuð stöðugur nálægt 2.000 manns og stefnir því í að þeir erlendu ríkisborgarar sem hingað flytja umfram brottflutta verði meiri nú en á árunum 2006 og 2007 þegar búferlaflutningar útlendinga til landsins voru hvað mestir.



Mynd 3. Aðfluttir og brottfluttir erlendir ríkisborgarar 1999-2016


Hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði stefnir í að fara yfir 10% að jafnaði á árinu 2016, sem er hærra hlutfall en stofnunin hefur reiknað með í fyrri spám á árinu. Er hlutfallið þar með orðið hærra en það hefur áður verið, en stofnuninni reiknast til að hlutfallið hafi mest verið rétt um 10% árið 2008. Sá munur er þó á stöðunni nú og fyrir átta árum að kynjahlutfall erlendra ríkisborgara er mun jafnara nú en þá. Á mynd 4 má sjá áætlað hlutfall erlendra ríkisborgara á vinnumarkaði eftir kyni frá árinu 2003.

Í ljósi þeirrar miklu eftirspurnar sem fyrirsjáanleg er í greinum eins og ferðaþjónustu og byggingariðnaði á komandi árum má gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram með svipuðum hætti í það minnsta á árinu 2017 og trúlega lengur. Hlutfall erlendra ríkisborgara mun þá fara í 11-12% af vinnuaflinu á næstu árum.




Mynd 4. Hlutfall erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði, eftir kyni, 2003-2016

Búferlaflutningar Íslendinga til og frá landinu eru að stórum hluta tengdir námi erlendis, en þær sveiflur sem sjá má milli ára skýrast hins vegar af efnahagsástandi þannig að fleiri flytjast á brott í atvinnuleit þegar illa árar og færri flytjast þá til landsins. Á mynd 5 má sjá hvernig þróunin hefur verið frá 1999 og má sjá að flutningsjöfnuðurinn er jafnan neikvæðastur þegar illa árar, en nálgast jafnvægi þegar betur árar. Helsta undantekningin er árin 2014 og 2015 þegar saman fór aukinn brottflutningur og minnkandi aðflutningur á tímum uppseiflu í efnahagslífinu. Tölur um búferlaflutninga á fyrri hluta þessa árs benda hins vegar til að bæði sé þeim íslensku ríkisborgurum sem flytjast til landsins að fjölga og þeim sem flytjast á brott að fækka.



Mynd 5. Aðfluttir og brottfluttir íslenskir ríkisborgarar 1999-2016

Sá mikli brottflutningur íslenskra ríkisborgara sem var í kjölfar hrunsins var að stærstum hluta til Noregs og fluttust um fjögurra ára skeið, 2009-2012, nálægt 1.500 manns þangað á ári hverju. Flutningur Íslendinga til baka var allnokkur, en flutningsjöfnuðurinn þó óhagstæður um nálægt 1.000 manns ár hvert að jafnaði. Árið 2013 dró verulega úr brottflutningi til Noregs þó svo flutningsjöfnuður héldist áfram neikvæður og voru litlar breytingar á stöðunni næstu 2 árin. Tölur fyrir fyrri helming árs 2016 benda hins vegar til að flutningsjöfnuður gagnvart Noregi sé að snúast við og fleiri muni flytja til baka til Íslands en flytja til Noregs. Búferlaflutningar Íslendinga til Noregs eru þó enn mun meiri en þeir voru að jafnaði á árunum fram að hruni.




Mynd 6. Búferlaflutningar íslenskra ríkisborgara til og frá Noregi síðustu ár

Almennt má segja um búferlaflutninga til og frá landinu að hlutfall karla í hópi aðfluttra fer vaxandi, einkum í hópi útlendinga þar sem hlutfall karla var 57% á árinu 2015, en kvenna 43% og hefur vaxið úr um 50/50 á árunum 2010-2012. Hlutfallið er líka hærra meðal aðflutta íslenska karla, en hefur á hinn bóginn ekki breyst mikið síðustu 5 ár; verið á bilinu 52-54%, en var þó komið í 55% 2015. Tölur um búferlaflutninga á fyrri hluta ársins 2016 benda til að hlutur karla í hópi aðfluttra fari áfram vaxandi, enda er það í takt við aukna eftirspurn eftir körlum til starfa í byggingariðnaði og tengdum greinum iðnaðar og þjónustu.


Þróun atvinnuleysis og horfur

Þróun atvinnuleysis hefur haldist í hendur við batnandi atvinnuástand og var skráð atvinnuleysi aðeins um 2% nú yfir sumarmánuðina og verður um 2,3% að jafnaði á árinu 2016. Atvinnuleysi hefur lækkað hraðar meðal karla en kvenna síðustu misseri, sem rímar við það að störfum hafi fjölgað meira meðal karla en kvenna.



Mynd 7. Þróun atvinnuleysis meðal karla og kvenna síðustu mánuði, eftir búsetu

Atvinnuleysi er nú mest meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu, um 2,9%, og jókst lítið eitt í júlí. Minnst er atvinnuleysi meðal karla á landsbyggðinni, 1%. Þegar litið er á einstök landsvæði má sjá (mynd 8) að atvinnuleysið hefur lækkað mjög hratt á Suðurnesjum síðustu ár og er það nú í ár orðið lægra en á höfuðborgarsvæðinu í fyrsta sinn síðan 2004, en atvinnuleysi hefur verið viðvarandi hærra á Suðurnesjum en annars staðar á landinu frá því um miðjan síðasta áratug. Uppsveifla í ferðaþjónustu hefur á hinn bóginn dregið mjög hratt úr atvinnuleysi á Suðurnesjum, bæði meðal karla og kvenna.




Mynd 8. Atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí 2016 og samanburður við sömu mánuði síðustu ár

Horfur eru á áframhaldandi lækkun atvinnuleysis á árunum 2017 og 2018 í takt við hagvaxtarspár og í ljósi þeirra eftirspurnar sem er eftir starfsfólki í flestum greinum nú um stundir. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi verði að jafnaði um eða rétt undir 2,0% á árinu 2017 og fari niður í um 1,6-1,7% á árinu 2018. Gert er ráð fyrir að þróun eftir kyni og búsetu verði svipuð á árunum 2017-2018 og verið hefur,

þ.e. að atvinnuleysið verði einna mest meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu en minna, en jafnframt sveiflukenndara, meðal karla, og meðal kvenna á landsbyggðinni.

Þó svo uppsveifla sé í íslensku efnahagslífi og atvinnuleysi sé lítið er rétt að hafa í huga líkt og fram hefur komið í greiningum Vinnumálastofnunar undanfarin misseri, að hlutfall háskólamenntaðra á atvinnuleysissskrá hefur farið jafnt og þétt hækkandi síðustu misseri og nú í júní og júlí voru um 28% allra á atvinnuleysissskrá með háskólamenntun (mynd 9).

Hlutfallið er nokkru hærra meðal kvenna, eða um 31%. Þessi þróun skýrist annars vegar af því að háskólamenntuðum á vinnumarkaði fjölga hlutfallslega meira en öðrum þegar nýir árgangar með mikla menntun að baki koma inn á vinnumarkaðinn, en þeir sem hætta vegna aldurs hafa að jafnaði minni menntun að baki. Hins vegar skýrist þetta af því að störfum fyrir háskólamenntaða fjölga ekki nægilega þegar uppsveifla í efnahagslífinu er svona bundin vexti ferðþjónustu og byggingariðnaðar þar sem stærstur hluti nýrra starfa er fyrir fólk með framhaldsmenntun af margvíslegu tagi eða litla formlega menntun.



Mynd 9. Hlutfallsleg skipting atvinnulausra eftir menntun

Loks má nefna ákveðið ósamræmi milli framboðs og eftirspurnar háskólamenntunar, sem birtist í meira atvinnuleysi í sumum greinum háskólamenntunar eins og félagsvísindagreinum, einkum viðskiptafræði, en nokkur skortur virðist viðvarandi á tölvunar- og tæknifræðingum, læknum og ýmsum öðrum sem menntaðir eru í heilbrigðis- og raunvísindum.

Hafa ber þó í huga að þó svo hlutfall háskólamenntaðra á skrá fari hækkandi, þá fækkar háskólamenntuðum á skrá líkt og öðrum menntahópum. Þeim fækkar hins vegar hægar en öðrum. Einnig er rétt að áréttu að þeir sem lokið hafa háskólamenntun og margs konar menntun á framhaldsskólastigi standa alla jafna betur að vígi á vinnumarkaði en þeir sem ekki hafa lokið formlegri menntun umfram grunnskólapróf og atvinnleysi síðastnefnda hópsins er nokkru meira en fólks með framhalds- og háskólamenntun, eða nálægt 4,0% á árinu 2015 samanborið við um 2,3% atvinnuleysi meðal fólks með framhalds- og háskólamenntun.